

Bstj. 16. febrúar 2010

**6. mál Fundargerð borgarráðs frá 4. febrúar
Fundargerð borgarráðs frá 11. febrúar**

Dofri Hermannsson: Forseti og ágæta borgarstjórn. Þetta var langur fundur þannig að þetta verður stutt erindi, en þó ekki styttra heldur en fundargerð Strætó og fundargerð Sorpu hér. Við fáum þetta reglulega inn á borð til okkar í umhverfis- og samgönguráði og ég skil eiginlega ekki tilganginn með því að senda þetta því að ég held að maður þurfi að vera haldinn einhverri yfirnáttúrulegri skyggnigáfu til þess að vita hvað fer fram á þessum blessuðum fundum. Hér stendur til dæmis í fundargerð stjórnar Strætó sem hér er lögð fram til upplýsingar, ekki veit ég hvaða upplýsingar eru í þessu plaggi: 1. rætt um fjárhagsstöðu og horfur. Lagt fram minnisblað til stjórnar dagsett eitthvað. Tekið fyrir erindi frá Matís dagsett 16. desember 2009 varðandi biðstöðvar við Vesturlandsveg. Það er eins og þetta sé ritað á síðustu kálfsskinnin í landinu.

Hér er stjórn Sorpu, 3. liður; málefni Metans hf., formaður stjórnar Metans hf. Inga Jóna Þórðardóttir kynnti stöðu Metan í dag og framtíðaráform. Það er ekkert meira um það. Til hvers erum við að þessu? Er hægt að fá einhverjar greinarbetri upplýsingar um það hvernig þessi B-hluta fyrirtæki okkar starfa?

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Borgarstjóri hefur óskað eftir að taka til máls.

Bstj. 16. febrúar 2010

**6. mál Fundargerð borgarráðs frá 4. febrúar
Fundargerð borgarráðs frá 11. febrúar**

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara til þess að hafa svarað þessu, þá veit ég ekki alveg til hvers borgarfulltrúinn er að vísa. Ég veit ekki betur en að þessar fundargerðir séu með hefðbundnu sniði. Þetta er alveg eins og það að væri hægt að lesa með sama hætti upp úr fundargerðum ráða þar sem að málið er skráð og síðan er ekkert skráð nema að það sé afgreiðsla á fundinum. Við þekkjum það frá skipulagsráði og borgarráði, hvaða ráði sem það er, þá er skráð málið og síðan er það skráð sem kynnt, það er jafnvel klukkutíma umræða um málið, en ef því er frestað þá stendur bara frestað. Þannig að ég veit ekki alveg til hvers borgarfulltrúinn er að vísa. Ég held að fundargerðir okkar fyrirtækja séu bara með hefðbundnu fundargerðasniði og síðan erum við auðvitað með fulltrúa borgarstjórnar inn í þessum fyrirtækjum, þannig að þannig eigum við að fá upplýsingar um það. Ég veit ekki alveg hvað borgarfulltrúinn er að leggja til að þessar fundargerðir verði ýtarlegri, hann allavega lagði það ekki beint til. En ég veit ekki til annars en að fundargerðir B-hluta fyrirtækja fari bara eftir hefðbundnum reglum um skráningu fundargerða.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og til máls tekur borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

Bstj. 16. febrúar 2010

**6. mál Fundargerð borgarráðs frá 4. febrúar
Fundargerð borgarráðs frá 11. febrúar**

Dofri Hermannsson: Forseti, borgarstjóri, ágætir borgarfulltrúar. Auðvitað er það þannig að við eigum fulltrúa í þessum B-hluta fyrirtækjum. En til dæmis í ráðum eins og umhverfis- og samgönguráði, þar erum við iðulega ekki með þennan fulltrúa innanborðs og þess vegna væri ákaflega gagnlegt og upplýsandi ef að væri hægt að fá útgáfu af fundargerðum sem væri eitthvað ýtarlegri og segðu þá svona meira hvað hefði gerst, því að það er alveg ógerningur að vera að þvæla þeim sem eru fyrir hönd borgarinnar í stjórnnum þessara fyrirtækja inn á hvert einasta ráð. Og örlítið meira upplýsandi fundargerð gæti bætt heilmikið úr.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er umræðu lokið. Fyrir er tekinn 7. liður á dagskrá sem er: Fundargerðir forsætisnefndar frá 5. og 12. febrúar, fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 8. febrúar, fundargerð leikskólaráðs frá 3. febrúar, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 8. febrúar, fundargerð menntaráðs frá 10. febrúar og fundargerðir skipulagsráðs frá 3. og 10. febrúar.

Enginn hefur kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið. Og fundi borgarstjórnar slitið kl. 18.32.